

Samkeppniseftirlitið  
b.t. Birgis Óla Einarssonar  
Borgartúni 26  
125 Reykjavík

Reykjavík, 15. júní 2017

**Efni: Beiðni Markaðsráðs kindakjöts um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga**

Vísað er til erindis Samkeppniseftirlitsins frá 12. júní sl. (tilv. 1706002) þar sem óskað er eftir afstöðu Félags atvinnurekenda til beiðni Markaðsráðs kindakjöts um undanþágu á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Afstaða FA til þessa erindis er skýr á þá leið að félagið telur rétt að hafna henni. Byggist það á tvennu. Í fyrsta lagi eru ekki uppfyllt lagaleg skilyrði fyrir undanþágu. Í öðru lagi er tillagan óskynsamleg og til tjóns fyrir neytendur og samkeppni.


Um lagaleg skilyrði er það að segja að í raun er ekkert skilyrða 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 uppfyllt til að hægt sé að fallast á undanþágu frá bannreglu 10. gr. laganna. Einhvers konar samstarf um markaðssetningu kann að vera lögmætt og má í því samhengi vísa til þess ágæta starfs sem unnið er á vettvangi Íslandsstofu til að markaðssetja og kynna íslenskt lambakjöt erlendis. Það sama á ekki við um annað samstarf, sér í lagi skiptingu markaða og samkomulag um að takmarka vöruframboð á markaði sem mun halda uppi verði.

Hugmyndir markaðsráðsins um útflutningsskyldu, sem lögð verði á sláturleyfishafa, eru stórkostlega gallaðar og ólögmætar. Þær munu eingöngu skaða hagsmunum neytenda. Þessar hugmyndir þjóna að meginstefnu því markmiði að halda uppi verði á innlendum markaði með því að skerða framboð. Slíkt er ótækt. Þetta er óhjákvæmilega til tjóns fyrir neytendur og felur ekki í sér neinn ábata þeim til handa. Eru því aldrei uppfyllt þau skilyrði um sanngjarna hlutdeild neytenda sem áskilin eru í b. lið 1. mgr. 15. gr. samkeppnislaga. Á raunar það sama við um a., b. og d. liði sömu málsgreinar.

Í þessu samhengi verður að mótmæla vangaveltum Markaðsráðs kindakjöts um gildissvið samkeppnislaga hvað beiðni ráðsins varðar. Ráðagerðin mun bersýnilega skerða samkeppni á Íslandi og fer fram innan íslenskrar samkeppnislögsögu. Lög nr. 44/2005 eiga því við, fullum fetum. Vangaveltur um annað eiga ekki við rök að styðjast.

Sé raunverulegur vilji til að stuðla að bættum hag sauðfjárbænda telur FA mikilvægt að hugað sé að aukinni samkeppni en ekki minni samkeppni. Með auknu frjálsræði og aðhaldi því sem samkeppni fylgir mun hagur sauðfjárbænda óhjákvæmilega vænkast til muna. Þetta hefur komið vel í ljós í innlendra grænmetisrækt þar sem bændur hafa mætt samkeppni af staðfestu og reisin sem hefur skilað þeim og samfélaginu öllu miklum ábata.

Virðingarfyllst,

  
Ólafur Stephensen  
Framkvæmdastjóri FA